

Nd.

## 91. Nefndarálit

um frv. til fjáráukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Fjárlaganefndin hefir athugað frumvarpið og leyfir sjer að gera við það þessar athugasemdir.

Við 2. gr.

Þar er nefnt: »til Þinghússins á Seyðisfirði« á að vera: til fangahússins.

Við 3. gr.

Þar er fjárveiting, kr. 3000,00, til að kaupa Röntgensáhöld handa Vífilstaðahælinu. Nefndinni virðist fullmikið í ráðist að kaupa slík áhöld, tvönn í einu, til þessa hælís og til háskólans (sbr. 5. gr. frv.), en litur svo á, að rjettara sje, að háskólinn sitji í fyrirrúmi, með því að þar verði meiri og almennari not áhaldanna. Hefir nefndin einnig orðið þess vör, að hvorug fjárveitingin fyrir sig muni nægilega hátt tiltekin í frumvarpinu, og er það enn ástæða til þess, að ráðast einungis í annað fyrirtækið. Þess vegna ræður nefndin til, að þessi fjárveiting til Vífilstaðahælisins sje feld burtu.

Við 4. gr.

Nefndin viðurkennir, að fjárveiting til þess að bæta við pósthúsið, sje óhjákvæmileg, en með því litlar líkur eru til, að unnið verði nokkuð verulega að slíkri byggingu á þessu ári, varð niðurstaðan í nefndinni sú, að liður þessi falli burtu, en að fjárveiting verði tekin til yfirvegunar við meðferð ljárlaganna.

Nefndin hefir fallist á fjárveitingu til brúarinnar á Steinslæk í Holtum, með þá ástæðu fyrir augum, að brúin hefir vafalaust verið í mjög ófullkomnu standi, þegar vegurinn var afhentur hjeraðinu til viðhalds 1909.

Í samræmi við endurgreiðsluna á tillagi Árnassýslu til Eyrarbakkasímans, virðist nefndinni rjett að á aukafjárlögin sje einnig tekin endurgreiðsla til Rang-

árvallasýsla á tillagi til Garðsaukasímans, alt að 4000 kr., samkvæmt ráðagerð Alþingis 1911 (sjá álit fjárlaganefndar E. d. 1911 Alþt. 1911, A. þingskj. 166), en að sjálfsögðu með því skilyrði, að Rangárvallasýsla leggi til Vikursímans sinn skerf á sínum tíma.

#### Við 5. gr.

Nefndinni hefir borist erindi frá læknadeild Háskólans, þar sem skýrt er frá, að 5000 kr., sem í frv. þessu standa, muni ekki nægja til þess að útvega Röntgensáhöld handa deildinni. Nú hefir stjórnin tiltekið þessa upphæð, eftir tillögum háskólaráðsins, og vill nefndin vísa því til hennar, að fara fram á hæfilega hækkun, ef nýrri upplýsingar sýndu, að þess væri full nauðsyn.

Nefndin er sammála stjórninni um það, að hús gagnfræðaskólans á Akureyri þurfi rækilegra umbóta við, enda er þegar búið að kosta til þess hátt á 4. þús. kr. af þeim 8188 kr., sem hér er farið fram á að veita. Nefndin hefir nú rælt um þetta mál við skólameistara og fengið ýmsar upplýsingar, þar á meðal, að enginn undirbúningur sé til þess, að geta á þessu ári komið í framkvæmd meiri umbótum en þegar eru gerðar. Sýnist nefndinni því rjettara að frekari fjárveiting biði fjárlaganna.

Um fjárveitinguna til aukakenslu við Kennaraskólann vill nefndin geta þess, að eftir atvikum verður hún að vera henni samþykk, sökum þess hve óvenjulega stendur hér á um kringumstæður kennarans, sem hlut á að máli, enda fordæmi til þessa.

#### Við 6. gr.

Nefndinni þykir ástæða til að brýna það fyrir landsstjórninni, út af 49. lið og fleiri atriðum, að fara mjög varlega í greiðslur úr landssjóði, sem eigi er fyrirfram gefin heimild fyrir.

#### Við 7. gr.

Nefndin hefir eigi á móti fjárveitingunni til trjesmiðakenslu í Hólaskóla, en væntir þess, að eigi þurfi aðra slíka upphæð til járnsmiðakenslu, sem þar er fyrirhuguð eða komin á samkv. fjárlagafrv. stjórnarinnar. Þess vegna leggur nefndin til, að liður þessi sé nefndur »til smiðakenslu«.

Út af fjárveitingunni til leikfímishúss á Hvanneyri vill nefndin taka fram, að aðferð skólastjórans í þessu efni er næsta óviðfeldin, sú sem sje, að taka ekkert tillit til fjárheimildar þeirrar til hússins, sem fyrir lá í fjárlögunum, og byggja húsið, án alls samkomulags við stjórnina fullum helmingi dýrara, en heimilað fje og efni vannst til, og loks, að gera enga grein fyrir því á byggingarreikningi hússins, hverju efnisleifarnar frá skólahúsinu námu, eða hvort þær gengu allar til leikfímishússins. eins og gert var ráð fyrir 1911. Nefndin verður þó eftir atvikum að fallast á fjárveitingu þessa með því skilyrði, að stjórnin fái greinileg skil á nefndum efnisleifum.

Eins og kunnugt er, hefir Sigurgeir Einarsson unnið að umbótum á ullarverkun samkvæmt fjárveiting á gildandi fjárlögum, bæði með utanferðum og störfum innanlands. Haustið 1911 fór hann utan í þessu skyni, og varð þá úr, að hann fór alla leið til Ameríku. Hefir hann farið fram á að fá allan ferða-

kostnað sinn kr. 2359,70 borgaðan aukreitiss, með því að fjárveitingin var eigi miðuð við ferðaleg til Ameríku. Nefndin felst á, að ferðin til Ameríku hafi verið nauðsynleg, og að full sanningin sje því, að hann fái borgað það, sem ferðin var dýrari en ferðalag það erlendis, sem fjárveitingin var miðuð við. Þess vegna leggur nefndin til, að Sigurgeir fái upp í ferð þessa það, sem hún kostaði umfram fjárveitinguna til hans 1912 eða kr. 1159,70. Þar sem hann jafnframt fær borgaða ferð þá, sem hann fór til Englands og Þýskalands í vetur, verður að skoða þær 1200 kr. sem hann fær nú í ár, samkvæmt fjárlögum, sem borgun fyrir störf hans innanlands í þarfir ullarmálsins.

Jakob Björnsson sildarmatsmaður ber sig upp undan því við þingið, að hann hafi 1910 farið varhluta af fjárveiting þeirri, er þá stóð á fjárlögum til utanfarar 2 sildarmatsmanna, 800 kr., því þar af fjekk hann einungis 200 kr. Að rjettu lagi mun hann hafa átt að fá 400 kr., og þetta skakkafall vill nefndin leiðrjetta nú með 200 kr. fjárveiting.

Sömmuleiðis vill nefndin veita fiskimatsmanni Árna Gíslasyni styrk nokkurn, eða 400 kr., upp í kostnað hans við ferð til Spánar og Ítalíu, er kostaði alls eftir sögn hans kr. 850,00.

#### Við 9. gr.

Fundarhald í Reykjavík fyrir nokkra þingmenn kostaði samkvæmt reikningum þeirra samanlagt 100 kr. meira en fjárveitingin hjer nemur. Varð það niðurstaða í nefndinni eftir atvikum, að leggja til, að liður þessi sje samþykktur með 100 kr. hækkun. Á reikningunum hafa þingmennirnir utan Reykjavíkur talið sér fæðispeninga (6 kr. á dag), auk ferðakostnaðar, og vill nefndin að orðalag þessa liðs beri með sér, að svo er.

Viðvikjandi skipbrotsmannaskýlinu, sem fyrirhugað er í Máfabót, vill nefndin bæta inn í frumvarpsgreinina því skilyrði, að húsið sje vandlega bygt og skilað í fullu standi samkvæmt skoðunargerð.

Samkvæmt framanrituðum athugasemdum gerir nefndin við frumvarpið þessar

#### BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr. Við A. 3. Í staðinn fyrir »þinghússins á Seyðisfirði« komi: fangahússins á Seyðisfirði alt að.
2. — 3. — Við 9. Liðurinn falli burt.
3. — 4. — Við A. Sömmuleiðis.
4. — 4. — Á eftir fyrri liðnum »Við D.« komi nýr liður:  
Til endurgreiðslu á tillagi Rangárvallasýslu til Garðsaukasímans alt að kr. 4000,00 gegn því, að sýslan leggi á sínum tíma hlutfallslega til Víkursímans.
5. — 5. — Við B. III. b. 1. Í staðinn fyrir »Til aðgerðar á skólahúsinu kr. 8188,00« komi: Til byggingar á úthýsi og aðgerðar á skólahúsinu eftir reikningi, alt að kr. 4000,00.

6. — 7. — Við 1. Í staðinn fyrir »Til trjesmiðakennslu« komi: Til smiðakennslu.
7. — 7. — Við 30. Á eftir liðnum komi nýr liður: Til sama upp í kostnað við Ameríkuferð 1911, kr. 1159,70.
8. — 7. — Við 30. Á eftir þessum lið komi nýir liðir:  
Við 37. Til Jakobs Björnssonar sildarmatsmanns upp í utanfararkostnað 1910, kr. 200,00.  
Til Árna Gíslasonar fiskimatsmanns upp í ferðakostnað til Spáunar og Ítalíu kr. 400,00.
9. — 7. — Við 54. Aftan við »Gílsfjörð (endurveiting)« komi: alt að.
10. Við 8. gr. Orðin: »frá 1. nóv. 1912 að telja 30 kr. á mánuði« falli burt.
11. — 9. — Á eftir »Ferðakostnaður« í 1. lið komi: og fæðispeningar, og fyrir »kr. 654,80« í sama lið komi: kr. 754,80.
12. — 9. — 3. liður falli burt.
13. — 9. — Aftan við 5. lið, sem verður 4. liður, bætist: Þó með því skilyrði, að húsið sje traustlega bygt og við skoðunargerð skilað í fullu standi.

Alþingi, 16. júlí 1913.

Lárus H. Bjarnason,  
formaður.

Pjetur Jónsson,  
skrifari og framsögumaður.

Eggert Pálsson.

Jóh. Jóhannesson.

Kristján Jónsson.

Sigurður Sigurðsson.

Skúli Thoroddsen.